

Nd.

75. Frumvarp

til laga um atvinnu við vjelgæslu á mótorskipum.

Flutningsm.: Matth. Ólafsson.

1. gr.

Öllum er heimilt að leita sjer atvinnu við vjelgæslu á mótorskipum með þeim takmörkunum, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Sá einn hefir rjett til að vera móturvjelstjóri á skipi, er hefir 10—200 hestafla vjel, sem fullnægir þessum skilyrðum:

- a. að hann hafi staðist móturvjelstjórapróf við einhvern af móturvjelstjóraskólum landsins;
- b. að hann sje fullra 18 ára að aldri;
- c. að hann hafi óflekkað mannorð.

3. gr.

Sá einn hefir rjett til að vera móturvjelstjóri á mótorskipi, er hefir yfir 200 hestafla vjel, sem hefir staðist hið íslenska vjelstjórapróf við vjelstjóraskólann í Reykjavík, og að öðru leyti fullnægir öllum þeim skilyrðum um kunnáttu o. fl., sem heimtuð eru af vjelstjórum á gufuskipum.

4. gr.

Á mótorskipum, er hafa frá 10—200 hestafla vjel, skal að minsta kosti vera einn vjelstjóri, er hefir full rjettindi eftir lögum þessum, og enn fremur maður, sem að dómi vjelstjórans getur í forföllum hans stjórnað vjelinni.

5. gr.

Þeir, sem hafa verið lögskráðir sem mótorvjelstjórar áður en lög þessi ganga í gildi, skulu njóta sömu rjettinda, sem lög þessi veita. Þó skal það tekið fram með berum orðum í skirteini því, er þeir fá samkvæmt lögum þessum, að það sje gefið út eftir þessari heimild.

6. gr.

Mótorvjelstjóraskirteini skal gefið út af lögreglustjóra, og skal það ritað eftir fyrirmynd, er stjórnarráð Íslands semur. Fyrir hvert skirteini greiðist 4 kr., er renna í landssjóð.

7. gr.

Nú vill einhver eigi hlita úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skirteinis, og skal hann þá leggja málið undir úrskurð stjórnarráðs Íslands, en við það skerðist þó eigi rjettur hans til að leita úrskurðar dómstólanna um málið.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 50—500 kr.

Brot þessi sæti opinberri rannsókn, og skal farið með mál út af þeim sem opinber lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1918.

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI:

Þar til mótorvjelstjóraskólar þeir, er nefndir eru í 2. gr. laga þessara, eru settir á stofn, skal stjórnarráði Íslands heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum laganna þeim mönnum, er staðist hafa próf við námsskeið þau í meðferð og hirðingu mótorá, er haldin hafa verið og haldin kunna að verða að tilhlutun Fiskifjelags Íslands.

Ástæður:

Eins og það er sjálfsagt, að krefjast verður þó nokkurrar þekkingar af þeim mönnum, er hafa eiga á höndum stjórn jafndýrra tækja og mótorvjelar eru, og sem er svo mikilsvarðandi starf, að undir því getur jafnvel verið komið líf allrar skipshafnarinnar, þá virðist og sjálfsagt, að með lögum beri að tryggja þeim rjett til þessarar atvinnu fram yfir þá, er litla eða enga þekkingu hafa á þessum efnum.

Hins vegar virðist eigi rjett að svifta þá menn, er áður hafa haft vjelstjórn á hendi, rjetti til að halda þeirri atvinnu áfram, ef útgerðarmenn vilja eins vel eða fremur halda þeim; en rjett hefir þótt, að það væri tekið fram, að rjettinn hefðu þeir einungis vegna eldri starfsemi sinnar.

Bráðabirgðaákvæðið er nauðsynlegt, þar eð ella gæti orðið skortur á vjelstjórum, þar til þeir, er á skólana ganga, hafa náð rjettindum með prófi.